

Mættir: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir og Edda Guðrún Pálsdóttir.

Fjarverandi: Arnar Stefánsson og Davíð Heimisson

Heiðarskóli 5. september 2016 kl. 20:00. Fundargerð Kristján Freyr Geirsson

Dagskrá:

1. Stjórnarmenn skipta með sér hlutverkum innan stjórnar.
2. Seta í skólaráði.
3. Bekkjarfulltrúar / árgangafulltrúar
4. Verkefni vetrarins.
5. Starfsáætlun FFHS.
6. Önnur mál.

1. Stjórn FFHS:

Kristján Freyr formaður, Arnar Stefánsson varaformaður, Magnús Andrésdóttir gjaldkeri, Ragnheiður Garðarsdóttir meðstjórnandi, Davíð Heimisson meðstjórnandi. Edda Guðrún og Lóa Rut báðust lausnar frá stjórnarsetu. Stjórnin fer í vinnu að fá fleiri í stjórn. Ritarastaða ómönnuð.

2. Seta í skólaráði:

Arnar Stefánsson og Ragnheiður Garðarsdóttir munu sitja í skólaráði.

3. Bekkjarfulltrúar:

Eitthvað komið inn af bekkjarfulltrúum í einhverjum bekkjum. Vantar töluvert uppá. KFG ætlar að ræða við Þorbjörgu um að ítreka við umsjónarkennara að biðla til foreldra.

4. Verkefni vetrarins:

Verkefni vetrarins rætt eins og jólaföndur, styrkir og gjafir og margt fleira.

5. Starfsáætlun FFHS:

Starfsáætlun rædd. KFG ræðir við skólastjórnendur um áætlunina og hugsanleg skil á henni.

6. Önnur mál:

Edda ætlar að kanna með hvort starfsáætlun sé gerð í Holtaskóla af stjórn foreldrafélagsins þar.

KFG ætlar að ræða við skólastjórnendur varðandi samræmd próf. Undanfarin ár hefur foreldrafélagið boðið börnunum sem taka samræmd próf upp á ávexti.

Fundi slitið 21:00